



Lúxemborg, 14. mars 2007

Fréttatilkynning 02/2007

Dómur í máli E-1/06 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

Einkaréttur til reksturs spilakassa verður réttlættur á grundvelli baráttu gegn spilafíkn

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sem kveðinn var upp í dag að Noregur hefði ekki brotið gegn ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu með því að veita ríkisfyrirtækinu Norsk Tipping einkarétt til að reka spilakassa. Tillaga til breytinga á norskri löggjöf er varðar spilakassa var samþykkt í norska þinginu árið 2003 en gildistöku var frestað þar til dómur EFTA-dómstólsins í máli þessu gengi.

Í dómi EFTA-dómstólsins kemur fram að með því að útiloka einkaaðila, sem hingað til hafa rekið spilakassa fyrir hönd góðgerðarsamtaka, frá rekstri spilakassa sé verið að hefta staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu sem kveðið er á um í EES-samningnum. Þótt aðildarríki EES-samningsins hafi frelsi til að móta eigin stefnu í málum sem varða spilamennsku verður slík stefna að byggja á lögmætum sjónarmiðum, s.s. vernd almennings, og taka mið af meðalhófsreglunni.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu ákvæði norsku löggjafarinnar fullnægðu framangreindum skilyrðum og sýknaði Noreg af kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA hélt því fram í málinu að megin markmið norsku löggjafarinnar væri að afla fjár til góðgerðarstarfsemi og væri þar með af efnahagslegum toga og því ólöglegt. Dómstóllinn féllst ekki á þessi rök Eftirlitsstofnunar EFTA og taldi sýnt að megin markmið norsku löggjafarinnar væri að berjast gegn spilafíkn sem væri lögmætt markmið.

Í dóminum kemur fram að EES-ríki sem hefur ákveðið að berjast gegn spilafíkn og draga úr tækifærum til spilamennsku með því að veita ríkisfyrirtæki einkarétt til að reka spilakassa, megi ekki á sama tíma viðhafa aðferðir, svo sem auglýsingaherferðir, sem geti leitt til aukinnar notkunar spilakassa og þar með grafið undan markmiðum löggjafarinnar. Jafnframt bendir dómstóllinn á að Noregur verði að tryggja með skilvirku eftirliti að einkaleyfishafinn framfylgi markmiðunum.

Í úrlausn dómsins er byggt á því að ástæða sé til að ætla að ríkisfyrirtæki sem annast rekstur spilakassa og sinnir skilvirku eftirliti með rekstrinum nái betri árangri í baráttunni gegn spilafíkn en viðskiptaaðilar í einkarekstri. Ekki hafi verið bent á önnur og vægari úrræði sem nái þeim markmiðum sem löggjöfin stefni að með jafn skilvirkum hætti.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.